Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands

Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, mars 2014

Birt: 2. apríl 2014

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við lögin hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Í *Ársskýrslu* bankans verður greint frá því hvernig einstakir nefndarmenn greiddu atkvæði.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 17. og 18. mars 2014, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, vaxtaákvörðunina 19. mars og kynningu þeirrar ákvörðunar.

I Þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um vaxtaákvörðunina ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlendan þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá vaxtaákvörðuninni 12. febrúar.

Fjármálamarkaðir

Þegar fundur peningastefnunefndar var haldinn í mars var viðskiptavegið meðalgengi krónunnar á innlendum gjaldeyrismarkaði 0,5% hærra en á fundi hennar í febrúar. Á milli funda hafði gengi krónunnar hækkað um 1,7% gagnvart Bandaríkjadal og um 0,4% gagnvart sterlingspundi en var nánast óbreytt gagnvart evru. Tilboð í krónur á aflandsmarkaði voru á bilinu 214-250 krónur fyrir hverja evru og höfðu lítið breyst.

Hrein uppsöfnuð gjaldeyriskaup Seðlabankans á innlendum gjaldeyrismarkaði námu um 45 milljónum evra (um 7 ma.kr.) frá síðasta fundi nefndarinnar, en það nemur um 38% af veltu á gjaldeyrismarkaði á þeim tíma.

Lausafjárstaða fjármálafyrirtækja hélst almennt rúm milli funda og voru vextir til einnar nætur á millibankamarkaði með krónur eins og áður í neðri hluta vaxtagangsins eða 0,25 prósentum hærri en vextir á viðskiptareikningum. Frá áramótum og fram að marsfundinum hafði veltan á millibankamarkaði verið með minnsta móti eða um 10 ma.kr. en var um 132 ma.kr. á sama tímabili fyrir ári.

Vegna rúmrar lausafjárstöðu fjármálakerfisins um þessar mundir lætur nærri að einfalt meðaltal vaxta á innlánsreikningum fjármálafyrirtækja í Seðlabankanum og hámarksvaxta innstæðubréfa sé besti mælikvarðinn á áhrif vaxta Seðlabankans á peningamarkaðsvexti. Þetta meðaltal, sem kalla má virka vexti, var tæplega 5½% þegar marsfundurinn var haldinn en millibankavextir til einnar nætur voru 5,25%. Þrátt fyrir óbreytta nafnvexti hefur taumhald peningastefnunnar styrkst nokkuð milli funda í takt við hjaðnandi verðbólgu og verðbólguvæntingar. Virkir raunvextir bankans voru 3,2% miðað við ársverðbólgu í febrúar en 2,3% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar eða um ½-1 prósentu hærri en á fundi nefndarinnar í febrúar. Meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar var 3,0% þegar marsfundurinn var haldinn.

Skuldatryggingarálag á Ríkissjóð Íslands var nánast óbreytt frá febrúarfundinum og mældist 2 prósentur rétt fyrir marsfundinn. Áhættuálag á skuldbindingar ríkissjóðs, sem lesa má út úr mun á vöxtum skuldabréfa ríkissjóðs í Bandaríkjadölum og sambærilegra bréfa ríkissjóðs Bandaríkjanna með gjalddaga árin 2016 annars vegar og 2022 hins vegar, hefur lækkað um 0,1 prósentu frá síðasta fundi. Mældist álagið um 2 prósentur rétt fyrir marsfundinn miðað við bréfin með gjalddaga árið 2016 en um 2½ prósenta miðað við bréfin með gjalddaga árið 2022.

Óbreyttir vextir Seðlabankans í mars virtust vera verðlagðir inn í ávöxtunarferilinn og voru í samræmi við væntingar greiningardeilda fjármálafyrirtækja. Vísaði rökstuðningur þeirra meðal annars til þess að krónan hefði styrkst frá síðasta fundi nefndarinnar en að á hinn bóginn væru verðbólguvæntingar á markaði enn talsvert yfir markmiði, þrátt fyrir að núverandi verðbólga hefði mælst undir markmiði.

Vítt skilgreint peningamagn (M3) jókst um 1,6% milli mánaða í janúar og um 8,3% milli ára. Sé litið fram hjá innlánum eignarhaldsfélaga var aukningin minni eða 4,6%. Þrengra skilgreint peningamagn hefur einnig aukist á milli ára. Ársvöxtur M2 nam 9,6% og M1 15,7% í janúar en var um 6,2% og 12,3% án innlána eignarhaldsfélaga. Á sama tíma dróst grunnfé bankans hins vegar saman um 0,9% miðað við tólf mánaða hreyfanlegt meðaltal. Vítt og þrengra skilgreint peningamagn jókst því töluvert milli ára í janúar en það dróst saman á árinu 2012 og fram í janúar 2013. Vítt skilgreint peningamagn var álíka mikið í janúar 2014 og það var í ársbyrjun 2012. Raunvöxtur peningamagns er hins vegar minni og nafnvöxtur þess er áfram undir nafnvexti vergrar landsframleiðslu.

Hægfara aukning útlána heldur áfram: hrein ný útlán innlánsstofnana til heimila, þ.e. ný útlán að frádregnum uppgreiðslum, námu 2,4 ma.kr. í janúar eða sem nemur 0,3% af heildarútlánastofni innlánsstofnana til heimila. Hrein ný útlán til fyrirtækja (annarra en eignarhaldsfélaga) námu um 10,7 ma.kr. í janúar eða 1,1% af heildarútlánastofni innlánsstofnana til fyrirtækja.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar, OMXI6, hafði lækkað um 6,3% milli funda. Velta á aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland var um 251 ma.kr. á síðasta ári sem er tæplega þrefalt meiri velta en árið 2012. Veltan í febrúar nam um 59 ma.kr. sem er um 25% meiri velta en í sama mánuði í fyrra. Markaðsvirði skráðra félaga á aðalmarkaðnum í byrjun mars nam um 520 ma.kr. eða u.þ.b. 30% af vergri landsframleiðslu ársins 2013.

Horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum og utanríkisviðskiptum

Afgangur af vöruviðskiptum Íslands var 7,1 ma.kr. í janúar og 4 ma.kr. samkvæmt bráðabirgðatölum í febrúar. Verðmæti útflutnings dróst saman um 7,2% milli ára fyrstu tvo

mánuði ársins vegna samdráttar í verðmæti útfluttra sjávarafurða og iðnaðarvara. Verðmæti innflutnings dróst saman um 1,7% á sama tíma, að mestu vegna samdráttar í innflutningsverðmæti hrá- og rekstrarvara.

Snörp lækkun álverðs í byrjun árs hefur að mestu gengið til baka og var álverð nokkuð stöðugt milli funda peningastefnunefndar. Verðvísitala sjávarafurða hefur hins vegar haldið áfram að lækka milli ára og hafði lækkað um 1,3% milli ára í janúar.

Í febrúar var raungengi mælt út frá hlutfallslegri vísitölu neysluverðs 83,9 stig og var 5,2% hærra en það var á fjórða ársfjórðungi 2013. Hækkunina má að mestu rekja til hærra nafngengis krónu en einnig var verðbólga hér 0,7% meiri en í viðskiptalöndum Íslands. Horfur eru á að verðbólga í viðskiptalöndum Íslands verði áfram lítil. Verðbólga á evrusvæðinu mældist 0,7% í febrúar og 1,1% í Bandaríkjunum. Í Bretlandi mældist verðbólga 1,9% í janúar.

Innlendur þjóðarbúskapur og verðbólga

Samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofa Íslands birti í mars var hagvöxtur 3,3% á árinu 2013 og 3,8% á síðasta fjórðungi ársins. Árstíðarleiðrétt landsframleiðsla dróst saman um 0,2% frá fyrri fjórðungi miðað við árstíðarleiðréttar tölur Seðlabankans. Eldri tölur fyrir fyrstu þrjá ársfjórðunga síðasta árs voru endurskoðaðar en það hafði ekki teljandi áhrif á hagvöxt tímabilsins sem var 3,1%.

Framlag utanríkisviðskipta var helsti drifkraftur hagvaxtar á fjórða ársfjórðungi en útflutningur jókst um 8,4% og innflutningur um 5,1%. Neysla og fjárfesting jókst alls um 2% milli ára á fjórðungnum en vöxtur þjóðarútgjalda var 1,6% þar sem framlag birgðabreytinga var neikvætt um 0,4 prósentur. Á árinu í heild var þróunin einnig á þá leið að utanríkisviðskipti lögðu mest til hagvaxtar eða um 3,2 prósentur. Einkaneysla og samneysla jukust um 1,2-1,3%, fjármunamyndun dróst saman um 3,4% en þjóðarútgjöld í heild uxu einungis um 0,1%.

Í samanburði við spá Seðlabankans sem birt var í *Peningamálum* í febrúar var hagvöxtur heldur meiri en gert hafði verið ráð fyrir en spáð var 2,7% hagvexti á fjórða ársfjórðungi og 3% hagvexti á árinu í heild. Í báðum tilvikum skýrist spáskekkjan einkum af því að framlag utanríkisviðskipta var umfram væntingar.

Undirliggjandi viðskiptajöfnuður var jákvæður um 111 ma.kr. í fyrra eða sem nemur 6,2% af landsframleiðslu en nam 2,8% af henni árið 2012. Meiri afgangur í fyrra skýrist að mestu af meiri afgangi af þjónustuviðskiptum (36 ma.kr.) og minni þáttatekjuhalla (36 ma.kr.) en árið á undan en afgangur af vöruskiptajöfnuði var hins vegar minni (8 ma.kr.). Í *Peningamálum* í febrúar var gert ráð fyrir að afgangur af viðskiptajöfnuði yrði 5,3% af landsframleiðslu árið 2013. Frávikið skýrist að mestu af betri ávöxtun eigna Íslendinga en gert hafði verið ráð fyrir í spánni.

Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu lækkaði lítillega milli ára í fyrra en þjóðhagslegur sparnaður jókst úr 17,7% af landsframleiðslu árið 2012 í 19,8% af landsframleiðslu árið 2013.

Helstu vísbendingar um þróun einkaneyslu í upphafi ársins gefa til kynna nokkuð kröftugan vöxt hennar á fjórðungnum, t.d. jókst greiðslukortavelta í janúar og febrúar um 7,5% frá sama tímabili í fyrra. Þá hefur verið talsverður vöxtur í bílakaupum og smásöluveltu, sérstaklega í veltu sérvöru.

Skráð atvinnuleysi, sem Vinnumálastofnun birtir, jókst um 0,3 prósentur í janúar og var 4,5%, en óbreytt á milli mánaða í febrúar. Að teknu tilliti til árstíðar minnkaði atvinnuleysi um 0,2 prósentur frá því í desember og var 3,7% í febrúar.

Nýir þjóðhagsreikningar gefa til kynna að launakostnaður á ársverk hafi hækkað töluvert minna síðustu tvö ár en áður var áætlað. Launahlutfallið hækkaði um 0,7 prósentur milli ára í fyrra og var 62,8% af vergum þáttatekjum eða það sama og það var árið 2001. Frá því að launahlutfallið var lægst árið 2009 hefur það hækkað um 6 prósentur.

Launavísitalan hækkaði um 1% milli mánaða í janúar og nam árshækkun hennar 6,7%. Kaupmáttur miðað við launavísitölu jókst um 1,7% milli mánaða og um 3,4% milli ára.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar Capacent Gallup, sem var framkvæmd í mars sl. meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins, vildu um 14 prósentum fleiri fyrirtæki fjölga starfsfólki frekar en fækka því á næstu sex mánuðum. Þetta er svipuð en heldur betri niðurstaða en fékkst úr þeim könnunum sem gerðar voru á fyrri hluta síðasta árs og mun betri en úr þeim sem gerðar voru á seinni helmingi ársins en þá vildu nánast jafnmörg fyrirtæki fjölga starfsfólki og fækka því. Í öllum atvinnugreinum, nema sjávarútvegi og fjármála- og tryggingastarfsemi, er meiri vilji til að fjölga starfsfólki en var í síðustu könnun og aðeins í verslun og fjármála- og tryggingastarfsemi vilja fleiri fyrirtæki fækka starfsfólki nú en í síðustu könnun.

Samkvæmt könnuninni voru stjórnendur fyrirtækja talsvert bjartsýnni á efnahagsaðstæður en í nóvember í fyrra. Vísitala efnahagslífsins, sem mælir afstöðu til núverandi aðstæðna, hækkaði umtalsvert og hefur ekki verið hærri frá því í desember 2007. Hlutfall þeirra sem telja aðstæður góðar eða hvorki góðar né slæmar hækkaði umtalsvert milli kannana en um 62% svarenda álitu núverandi aðstæður hvorki góðar né slæmar og 18% töldu þær góðar. Stjórnendur eru einnig bjartsýnni á aðstæður eftir sex mánuði en þeir voru í nóvember í fyrra. Um 42% svarenda bjuggust við að aðstæður myndu batna á næstu sex mánuðum en um 7% að þær myndu versna. Stjórnendur í öllum atvinnugreinum voru bjartsýnni en í nóvember í fyrra að undanskildum stjórnendum í sjávarútvegi og samgöngu- og flutningaþjónustu. Milli kannana var mesta breytingin til hins betra í verslun. Allir stjórnendur nema í byggingarstarfsemi og samgöngu- og flutningaþjónustu eru bjartsýnni en á sama tíma í fyrra.

Væntingar um innlenda eftirspurn jukust töluvert bæði frá síðustu könnun og frá könnuninni fyrir ári. Væntingar um eftirspurn á erlendum mörkuðum eru litlu lakari en í nóvember en hafa aukist talsvert frá fyrra ári. Stjórnendur voru nokkru bjartsýnni á þróun framlegðar fyrirtækjanna (EBITDA) á næstu sex mánuðum en þeir voru í september og mars í fyrra. Eins voru horfur um fjárfestingu betri en í könnununum í fyrra.

Samkvæmt könnun Capacent Gallup á væntingum neytenda jókst bjartsýni þeirra í febrúar. Mældist væntingavísitalan 85,9 stig sem er rúmum 5 stigum hærra en fyrir ári. Í febrúar munaði mestu um hækkun í mati á atvinnuástandi og væntingum til sex mánaða.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok febrúar, lækkaði um 0,2% frá fyrri mánuði en hækkaði um ½% þegar leiðrétt hefur verið fyrir árstíðarsveiflu. Frá febrúar 2013 hafði vísitalan hækkað um 9%. Vísitala fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Þjóðskrá Íslands reiknar út, hækkaði um 0,3% milli mánaða í janúar en um 0,6% þegar leiðrétt hefur verið fyrir árstíðarsveiflu. Vísitalan hefur hækkað um 7,4% frá því í janúar 2013. Um 17% fleiri kaupsamningar voru gerðir í febrúar á landinu öllu en í sama mánuði árið 2013. Meðalsölutími íbúða á höfuðborgarsvæðinu var rétt rúmir fjórir mánuðir í

febrúar en var tæpir fimm mánuðir að meðaltali árið 2013 og hafði þá styst um tæpa tvo mánuði frá árinu á undan.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,67% milli mánaða í febrúar en ársverðbólga hjaðnaði úr 3,1% í 2,1%. Töluverð grunnáhrif voru til staðar þar sem vísitala neysluverðs hafði hækkað um 1,6% í febrúar 2013. Útsölulok höfðu mest áhrif á vísitölu neysluverðs í febrúar, flugfargjöld til útlanda hækkuðu einnig en dagvöruverð lækkaði. Undirliggjandi ársverðbólga minnkaði um 0,9 prósentur milli mánaða bæði á mælikvarða kjarnavísitölu 3 og 4 án skattaáhrifa og mældist ársverðbólga á þá mælikvarða 2,8% og 1,5%. Tölfræðilegir mælikvarðar á undirliggjandi verðbólgu gefa svipaða mynd.

Húsnæðisliður vísitölunnar hefur hækkað mest síðustu tólf mánuði eða um 7,4% en verðbólga miðað við vísitölu neysluverðs án húsnæðis var einungis 0,8% í febrúar. Dregið hefur úr hækkun annarra innlendra liða en árshækkun þeirra nam þó 3,4% í febrúar. Framlag innfluttra vara til hækkunar vísitölunnar var hins vegar neikvætt en árslækkun þeirra nam 2,1%. Gengi krónunnar styrktist á sama tíma um 12%.

Verðbólguvæntingar til næstu tveggja ára halda áfram að lækka í takt við hjöðnun verðbólgu. Verðbólguvæntingar heimila mældust 4% í mars, bæði til eins og tveggja ára, en höfðu mælst 5% undanfarna 4-6 ársfjórðunga. Eins hafa verðbólguvæntingar fyrirtækja til eins árs lækkað úr 3,9% í 3% og til tveggja ára úr 4% í 3,5%. Miðað við verðbólguálag á skuldabréfamarkaði voru verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði um 2,8% til eins árs og um 3,3% til tveggja ára og höfðu lækkað um 0,3-0,6 prósentur frá síðasta fundi. Verðbólguvæntingar til lengri tíma virðast hins vegar ekki hafa lækkað með samsvarandi hætti: fyrir fundinn gáfu mælingar á langtímaverðbólguálagi til kynna að markaðsaðilar væntu 4% verðbólgu til fimm og tíu ára og hafa þær væntingar lítið breyst um nokkurn tíma.

II Vaxtaákvörðunin

Seðlabankastjóri upplýsti peningastefnunefndina um gang mála frá síðasta fundi nefndarinnar vegna vinnu innan Seðlabankans og á vegum annarra stjórnvalda í tengslum við losun fjármagnshafta. Einnig var greiðslujafnaðarlíkan kynnt fyrir nefndinni sem notað verður til að meta mismunandi sviðsmyndir og næmni horfa fyrir greiðslujöfnuð þjóðarbúsins fyrir ólíkum forsendum en þetta greiningartæki mun gegna lykilhlutverki við mat á ólíkum leiðum við losun fjármagnshafta. Þá fjallaði nefndin sérstaklega um vænt útflæði gjaldeyris á árinu og nýlega þróun raungengis og hvernig það samræmdist nýjasta mati á jafnvægisraungengi.

Peningastefnunefndin fjallaði einnig um framkvæmd peningastefnunnar og mögulegar breytingar á lausafjárstýringu bankans. Fram kom að framkvæmd stefnunnar hefði lítið breyst á undanförnum árum. Fyrirhuguð eignasala ESÍ og hugsanleg losun fjármagnshafta myndi hins vegar breyta umhverfi peningastefnunnar verulega á næstunni. Nefndin var sammála um að framkvæmd peningastefnunnar þyrfti að styðja við markmið hennar en taldi einnig mikilvægt að hún væri einföld, auðskiljanleg og hagkvæm út frá efnahag Seðlabankans. Tímabært væri að endurskoða framkvæmdina með hliðsjón af þessum markmiðum. Ekki þyrfti þó að gera grundvallarbreytingar á framkvæmdinni og þær myndu gerast í einhverjum áföngum. Meðal þess sem kæmi til álita væru breytingar á formi og tímalengd innlána/innstæðubréfa, samspil útgáfu innstæðubréfa og veðlána, fjárhæðartakmarkanir veðlána og daglána, skilgreining mótaðila og fjölda viðskiptadaga.

Nefndin gaf seðlabankastjóra umboð til að vinna að framkvæmd umbóta á framkvæmd peningastefnunnar í samræmi við þær hugmyndir sem ræddar voru í nefndinni.

Nefndin ræddi nýlega verðbólguþróun. Verðbólga hafði mælst 2,1% í febrúar og hefur hjaðnað tiltölulega hratt. Einnig eru vísbendingar um að innlend verðbólga og undirliggjandi verðbólguþrýstingur hafi hjaðnað. Þá sýna nýir þjóðhagsreikningar að launakostnaður á ársverk hafi hækkað töluvert minna á síðustu tveimur árum en fyrri vísbendingar höfðu bent til. Jafnframt væru horfur á að meginniðurstöður kjarasamninga, sem gerðir voru fyrir áramót, muni gilda fyrir meginhluta vinnumarkaðarins.

Nefndarmenn voru sammála um að til skemmri tíma hafi verðbólguhorfur batnað. Nýleg verðbólguþróun hafði verið lítillega betri en gert var ráð fyrir á febrúarfundi nefndarinnar. Taldi nefndin einnig líklegt að betri upphafsstaða vegna minni verðbólgu en spáð var í febrúar, auk sterkari krónu og minni launahækkana, hefði í för með sér að skammtíma verðbólguhorfur væru betri en áður var talið. Jafnframt fögnuðu nefndarmenn því að verðbólguvæntingar til skamms tíma hefðu lækkað í takt við hjöðnun verðbólgu. Hins vegar höfðu nefndarmenn sem fyrr talsverðar áhyggjur af því að verðbólguvæntingar til langs tíma hefðu haldist nálægt 4%.

Nefndarmenn töldu að verðbólguhorfur til næstu tveggja ára hefðu heldur batnað en þó ekki enn afgerandi þrátt fyrir hagstæðari þróun að undanförnu og betri horfur fyrir þetta ár. Eins og áður var spáð væru horfur á að verðbólga myndi aukast á ný samfara auknum vexti innlendrar eftirspurnar á næstu misserum á sama tíma og slaki snýst í spennu. Miðað við nýjustu tölur um hagvöxt á síðasta ári væri slakinn í þjóðarbúskapnum við það að hverfa. Vísbendingar um einkaneyslu á þessum fjórðungi bentu jafnframt til töluvert meiri vaxtar en áður var talið. Nefndin taldi að þessi þróun myndi að öðru óbreyttu kalla á að raunvextir Seðlabankans hækki. Einn nefndarmaður hafði þó minni áhyggjur af framtíðarverðbólguþróun að því leyti sem hagvöxtur væri drifinn áfram af ferðaþjónustu þar sem væri vannýtt framleiðslugeta yfir vetrarmánuðina. Aðflutt vinnuafl gæti einnig mætt aukinni eftirspurn í ferðaþjónustu og fjölgun ferðamanna styrki gengi krónunnar. Því væri ekki víst að hagvöxtur drifinn áfram af ferðaþjónustu auki hættu á verðbólgu eða kalli á hækkun vaxta í sama mæli og hagvöxtur drifinn áfram af innlendri eftirspurn. Aðrir töldu að jafnvel þótt ýmsir áhrifaþættir hefðu tilhneigingu til þess að stuðla að minni verðbólgu til skamms tíma litið gætu þeir ýtt undir verðbólgu þegar fram í sækir.

Það var mat nefndarinnar að það gæti dregið úr þörf á hækkun raunvaxta ef á móti kæmu aðrar aðgerðir sem legðust á sveif með peningastefnunni, þ. á m. stefnan í ríkisfjármálum sem fylgt verður á komandi árum. Einnig taldi nefndin að endurbætur sem styrkja framboðshlið þjóðarbúsins gætu dregið úr framleiðsluspennu og þar með úr verðbólguáhrifum aukinnar eftirspurnar.

Sem fyrr mun taumhald peningastefnunnar á hverjum tíma ráðast af verðbólguhorfum. Nefndarmenn ræddu ólíka kosti varðandi breytingu vaxta bankans. Helst þótti koma til álita að halda vöxtum óbreyttum eða lækka þá um 0,25 prósentur. Nefndarmenn voru sammála um að verðbólguhorfur hefðu batnað en töldu ekki tímabært að lækka vexti meðal annars þar sem lengri tíma verðbólguvæntingar virtust enn vera töluvert yfir verðbólgumarkmiðinu.

Í ljósi umræðunnar lagði seðlabankastjóri til að vöxtum yrði haldið óbreyttum: innlánsvöxtum (vöxtum á viðskiptareikningum) í 5%, hámarksvöxtum á 28 daga innstæðubréfum í 5,75%, vöxtum af lánum gegn veði til sjö daga í 6% og daglánavöxtum í 7%. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Nefndarmenn voru sammála um að það myndi fara eftir þróun verðbólgu og verðbólguvæntinga næstu mánuði hvort skapast gæti tilefni til lækkunar nafnvaxta. Horft lengra fram á veginn taldi nefndin hins vegar að raunvextir miðað við ofangreindar horfur myndu þurfa að hækka frekar. Í hve ríkum mæli það gerðist með hækkun nafnvaxta myndi eins og áður ráðast af þróun verðbólgunnar.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Rannveig Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnunefndarinnar verður birt miðvikudaginn 21. maí 2014.